



Reykjavík, 28. febrúar 2025

USK25010265

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 29. janúar 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Lagt er til að aðkoma að Hlemmi verði bætt þegar í stað. Greiður aðgangur að inngöngum mathallarinnar verði tryggður eftir því sem kostur er. Þá verði leitast við að draga úr tjóni rekstraraðila þar með eftirgjöf á leigu í samvinnu við leigutaka hússins.

Greinargerð fylgdi tillögu:

Umfangsmiklar framkvæmdir við Hlemm hafa staðið yfir frá árinu 2022. Framkvæmdirnar hafa gengið mun hægar en vonir voru gefnar um og um langt skeið torvelað mjög aðgang að Mathöllinni á Hlemmi. Framkvæmdirnar hafa þannig haft mikil og neikvæð áhrif á viðskipti rekstraraðila og hefur velta sumra þeirra dregist saman um allt að 60%. Hafa sumir veitingamenn neyðst til að segja upp starfsfólki vegna minnkandi viðskipta og safnað skuldum, sem veldur þeim enn frekari vandkvæðum. Ljóst er að einhver eftirgjöf leigugjalda myndi létta rekstraraðilum róðurinn eftir langt tímabil erfiðleika og samdráttar.

Æskilegt er að greiður aðgangur að öllum inngöngum hússins verði tryggður eftir því sem kostur er. Hjá Reykjavíkurborg er mikil og góð reynsla fyrir hendi við að tryggja gönguleiðir til rekstraraðila á meðan umfangsmiklar framkvæmdir standa yfir í verslunargötum. Ætti því ekki að vera flókið verkefni að tryggja greiðan aðgang að Hlemmi ef áhugi er fyrir hendi.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar: 29. janúar 2025.

Umsögn:

Framkvæmdir við Hlemm eru samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Í gildi er deiluskipulag Hlemms og nágrenni, umferðaskipulag og stækkun Hlemmstorgs sem var staðfest við birtingu í B-deild stjórnartíðinda 7. apríl 2020 ásamt



Reykjavík



síðari breytingum. Mátti rekstaraðilum á svæðinu því vera það ljóst að það yrði farið í umfangsmiklar framkvæmdir við Hlemm. Framkvæmdum sem þessum fylgir óhjákvæmilega rask en allan tímann sem framkvæmdir hafa staðið yfir hefur aðgengi að Hlemmi mathöll og öðrum rekstri á svæðinu verið tryggt eins og kostur er.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að tryggja sem best aðgengi að Hlemmi og er það eitt af lykilskilyrðunum sem framkvæmdarleyfið er háð. Um flókna framkvæmd er um að ræða og ljóst að aðgengi yrði á tímum snúnara á meðan þeim stæði. Til að mynda var óhjákvæmilegt að loka suðurinnangi á meðan hellur voru lagðar að þeim inngangi, en lagt var upp með að opna aftur fyrir innganginn föstudaginn 24. janúar og stóðst sú áætlun. Aðgengi hefur eingöngu verið takmarkað í takmarkaðan tíma og er nú óheft aðgengi að norðurinnangi jafnt og suðurinnangi frá vestri. Gönguleið meðfram suðurhlið Hlemms er á flestum stöðum yfir 2 m á breidd.

Verktakar hafa klárað lagningu snjóbræðslulagna sunnan við gróðurbeð og að núverandi gönguleið og því er hellulögn hafin á því svæði. Verktaki hefur gegnum gangandi á framkvæmdatíma lagt áherslu á að opna svæði innan Hlemms jafn óðum og hellulögn er komin niður., Eftir því sem framkvæmdunum vindur áfram stefnir verktaki á að opna svæðið jafnóðum en það er auðvitað háð öryggismálum hverju sinni og að aðgerðirnar lengi ekki framkvæmdatímang og þann tíma sem nærumhverfið verður fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Nú þegar er búið að opna hringinn í kringum Hlemm.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlensdóttir og Rebekka Guðmundsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Fylgigögn: Ljósmyndir frá framkvæmdasvæði Hlemms, teknar í febrúar 2025.



Reykjavík



